

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur, Akraneskaupstaður.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt eftirfarandi gjaldskrá fyrir fráveitu og birtir hana í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar:

Sveitarfélag	Fast gjald kr./matseiningu	Breytilegt gjald kr./fermetra
Veitusvæði II - Akranes	8.967,36	346,13

Fyrir fasteignir í landi Krosslands í Hvalfjarðarsveit gildir verð skv. veitusvæði II – Akranes.

Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum álagningarinnar.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast gildi 1. janúar 2013. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1287/2011.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur, 21. desember 2012,

Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri þjónustu.

—————
B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2012